

Bókun bæjarstjórnar

Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar 4. október 2018 var tillaga Sigríðar Huldu Jónsdóttur og Almars Guðmundssonar um eflingu lýðræðislegra vinnubragða í sveitarfélaginu í tengslum við fjárhagsáætlun 2019 undir heitinu „Góður Garðabær“ samþykkt af bæjarstjórn.

„Bæjarstjórn Garðabæjar leggur til að í fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 verði varið 50 milljónum í verkefni sem verða skilgreind og unnin í samráði við íbúa. Garðabær setji sér vinnureglur um lýðræðisleg vinnubrögð og íbúasamráð undir heitinu „Góður Garðabær“. Þar sé meðal annars tiltekið hvernig byggt verður á hugmyndum íbúa varðandi viðhaldsverkefni og/eða nýframkvæmdir og kosningu íbúa á milli skilgreindra verkefna. Áhersla verði lögð á verkefni sem fela í sér aukið öryggi bæjarbúa, efling hreyfi- og leikmöguleika eða hafi jákvæð áhrif á nærumhverfi. Markmiðið er að efla með markvissum hætti lýðræðisleg vinnubrögð í sveitarfélaginu og verja fé til framkvæmda sem byggir á forgangsröðun íbúanna sjálfra.“

Lýðræðisstefna Garðabæjar

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti árið 2010 lýðræðisstefnu bæjarins og var þar með fyrst íslenskra sveitarfélaga til að setja sér stefnu í lýðræðismálum. Tilgangurinn með því að setja bæjarfélaginu lýðræðisstefnu var að stuðla að auknum möguleikum íbúa til að taka þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku í málefnum bæjarins og jafnframt að hvetja þá til þess. Í inngangi að lýðræðisstefnunni segir m.a.: „Bæjarstjórn Garðabæjar hefur um árabil lagt áherslu á samráð við íbúa í mörgum málaflokkum. Þetta samráð hefur verið framkvæmt með ólíkum hætti, t.d. með íbúafundum, rafrænum könnunum og rýnihópum. Með samþykkt lýðræðisstefnu er þessi vilji bæjarstjórnar til samráðs við íbúa skjalfestur og settur um hann rammi. Lýðræðisstefnan felur einnig í sér vilja til að gefa íbúum fleiri tækifæri til að taka þátt í ákvarðanatöku og stefnumótun í málefnum sveitarfélagsins og skuldbindur stjórnendur og starfsmenn til að vera sífellt vakandi fyrir því að leita nýrra leiða til þess. Það er trú bæjarstjórnar að með virku samráði við íbúa séu meiri líkur á að niðurstaða náist í þeim málefnum sem unnið er að hverju sinni og að sátt verði um hana í samfélaginu.“

Lýðræðisstefnu Garðabæjar í heild sinni má finna á vef Garðabæjar,

<https://www.gardabaer.is/stjornsysla/utgefid-efni/stefnur/>

Handbók um íbúasamráð

Í handbók um íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttöku íbúa, sem gefin var út af Sambandi íslenskra sveitarfélaga í nóvember 2017, eru kynntar aðferðir til að hafa samráð við íbúa og virkja þá til jákvæðrar þátttöku í ákvörðunartökuferlum í sveitarfélögum. Handbókin er bæði ætluð kjörnum fulltrúum og starfsmönnum sveitarfélaga og kemur að miklu gagni þegar kemur að undirbúningi og framkvæmd lýðræðisverkefna.

Þar kemur meðal annars fram að gera þarf tíma- og verkáætlun til að fá yfirsýn yfir allt verkefnið. Mikilvægt er að skilgreina vel hver beri ábyrgð á hverjum þætti og kostnaðarmeta allar aðgerðir og tryggja fullnægjandi fjárveitingar. Í handbókinni er sér kafli um þáttökufjárhagsáætlun, það heiti er notað yfir lýðræðisverkefni þar sem óskað er eftir tillögum frá íbúum að forgangsröðun og úthlutun fjármagns verkefnum á sviði nýframkvæmda eða viðhalds.

Lýðræðisverkefni í öðrum sveitarfélögum

Í lok árs 2018 fóru upplýsingastjóri, samskipta- og kynningarfulltrúi ásamt skipulagsfræðingi í heimsóknir á bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar og Seltjarnarness til að fá frekari upplýsingar um lýðræðisverkefni þeirra. Þá starfaði skipulagsfræðingur áður sem verkefnastjóri lýðræðisverkefnisins „Okkar Kópavogur“ í Kópavogi og gat því gefið greinargóðar upplýsingar þaðan.

- Lýðræðisverkefnið „Okkar Mosó“ var sett á laggirnar í fyrsta skipti vorið 2017 og fólst verkefnið bæði í sér hugmyndasöfnun meðal íbúa og einnig kosningu um þær hugmyndir sem fram komu. Á kjörskrá voru um 7.700 einstaklingar en það voru 16 ára og eldri íbúar í Mosfellsbæ sem gátu tekið þátt í kosningunni. Faghópur á vegum Mosfellsbæjar vann úr öllum innsendum hugmyndum og alls var kosið um 25 hugmyndir en inn komu 130 hugmyndir. Þar af voru 10 sem hlutu brautargengi og framkvæmd þeirra kostaði um 24 milljónir. Allar innsendar hugmyndir fengu málefnalega umfjöllun. Sumar voru sendar í framkvæmd strax og aðrar voru sendar til frekari umfjöllunar í nefndum og ráðum bæjarins. Alls bárust 1.065 atkvæði sem nemur um 14% kosningaþátttöku. Til stendur að endurtaka verkefnið „Okkar Mosó“.
- Seltjarnarnes fór af stað í fyrsta skipti með verkefnið „Nesið okkar“ í byrjun árs 2018. Bæjarbúum, 16 ára og eldri og með lögheimili á Seltjarnarnesi, gafst tækifæri til að hafa lýðræðisleg áhrif á forgangsröðun og úthlutun 10.000.000 kr. af framkvæmdafé sumarsins sem fara áttu til smærri nýrra framkvæmda og viðhaldsverkefna. Matshópar fjölluðu um allar innsendar hugmyndir og könnuðu hverjar uppfylltu nauðsynleg skilyrði, kostnaðarmátu hvert verkefni og völdu þær hugmyndir sem komust áfram í ferlinu. Alls voru sendar inn 44 hugmyndir og kosið var um 20. Gild atkvæði voru 436 og kosningaþátttaka var um 11,70%. Ákveðið var að vera með kosningu árin 2018, 2019 og 2020.
- Kópavogsbær fór af stað í fyrsta skipti með lýðræðisverkefnið „Okkar Kópavogur“ árið 2016 og í annað sinn árið 2018. Metþátttaka var í kosningunum bæði árin, fyrst 12% þátttaka og svo 18%. Alls bárust 374 hugmyndir en 37 hugmyndir fengu brautargengi. Tæplega 60% þátttakenda voru konur og voru þátttakendur á aldrinum 31-40 ára fjölmennastir, 1.558 eða 31%. Fast á hæla þeirra fylgdi aldurshópurinn 41-50 eða 1.531. Í Kópavogi var bænum skipt upp í hverfi í kosningunum og hvert hverfi með ákveðinn fjölda verkefna og fjármagn. Einnig voru íbúafundir þar sem skilyrt var að ákveðinn fjöldi hugmynda sem væri lagður fram á fundunum færi í kosningu auk hugmyndasöfnunar á vef. Verkefninu verður að öllum líkindum haldið áfram.
- Reykjavíkurborg hefur staðið fyrir ýmsum lýðræðisverkefnum á liðnum árum þar má helst nefna „Hverfið mitt“, árlega hugmyndasöfnun um verkefni í hverfum borgarinnar og íbúakosningu, undir yfirheitinu „Betri Reykjavík“.
- Hafnarfjörður hefur verið með hugmyndasöfnun íbúa í gegnum verkefnið „Betri Hafnarfjörður“ en ekki íbúakosningu um þær hugmyndir sem þar koma fram. Um er að ræða samráðsvettvang þar sem bæjarbúum gefst tækifæri til að setja fram hugmyndir um málefni er varða þjónustu og rekstur bæjarins.

Gagnrýnisraddir

Gagnrýni sem lýðræðisverkefni líkt þessum hafa fengið eru aðallega af því tagi að verið sé að kjósa um hluti sem ættu að vera sjálfsagðir. Mörg sveitarfélög hafa því tekið til bragðs að hafa í skilmálum verkefnalýsingar að hugmyndir mega t.d. ekki snúa að umferðaröryggi þar sem slíkt er eðlilegur hluti af rekstri bæjarins. Eins má nefna hugmyndir um skólalóðir í þessu samhengi. Í skilmálum þessara

Lýðræðisverkefna hefur verið tekið sérstaklega fram að hugmyndir verði ekki samþykktar nema þær séu til fjárfestingar en ekki reksturs. Skoða þarf sérstaklega hvort skipta eigi verkefnum niður á hverfi ef það er ekki gert er hætt við því að verkefni í ákveðnum hverfum fái lítið brautargengi. Einnig hefur verið nefnt að verkefni sem kosta minna fá auðveldar meira vægi í rafrænum kosningum þar sem auðveldar er að velja mörg lítil en fá stór verkefni.

Hugbúnaðar- og ráðgjafarfyrtækið Kolibri gerði úttekt á lýðræðisgáttum Reykjavíkurborgar, þar á meðal verkefninu „Hverfið mitt“ og í skýrslu sem kom út 2018 eru gagnlegar niðurstöður um hvernig megi bæta úr þannig að tilgangur verkefna verði skýr fyrir íbúa og hvernig bæta megi ferli og samskipti í kringum innsendar hugmyndir.

Upplýsingar um þau kerfi sem hafa verið notuð í lýðræðisverkefnum

Hugmyndavefur

Þegar hugmyndasöfnun stendur yfir hefur hugmyndum verið safnað í gegnum hugmyndavef sem er rekinn af sjálfseignarstofnuninni Íbúar ses.

Íbúar og aðrir sem áhuga hafa á, skrá sig inn á vefinn með Facebook aðgangi eða vefpósti. Þar er hægt að skrá inn hugmyndir, kynna sér hugmyndir annarra, ræða hugmyndir og líka við eða hafna hugmyndum. Hverri hugmynd fylgir lýsing en einnig er hægt að rökstyðja hugmyndina, merkja staðsetningu hugmynda inn á kort og láta fylgja með ljósmynd af sambærilegri hugmynd eða önnur fylgigögn.

- Taka þarf ákvörðun um það hvort hugmyndum eigi að safna á annan hátt en eingöngu í gegnum hugmyndavef. Hjá Kópavogsbæ og Seltjarnarnesi var hugmyndum einnig safnað á íbúafundum.
- Þegar hugmyndavefur opnar þarf að vera búíð að taka ákvörðun um það hvort sveitarfélaginu verður skipt upp í hverfi.

Kosningavefur

Kosning hefur farið fram á vef Íbúa ses. Þar er búíð að stilla upp kjörseðli, hver hugmynd er skilgreind með nafni, upplýsingatexta, kostnaði og fleiru. Kjörseðill þarf að vera aðgengilegur á ensku. Ef sveitarfélaginu er skipt upp í hverfi er hægt að úthluta hverju hverfi fjármagni eftir fjölda íbúa.

- Taka þarf ákvörðun um heildar fjölda verkefna sem fara í kosningu.

Einnig þarf að taka ákvörðun um lágmarkskosningaaldur. Kjósandi getur úthlutað fjármagni á verkefni þangað til að fjármagnið er búíð eða aðeins valið þau verkefni sem mestur áhugi er fyrir. Einnig er hægt að gefa einu verkefni aukið vægi með því að stjórnumerkja það.

Allir þeir sem kjósa ljúka kosningunni með því að auðkenna sig með öruggum hætti með íslykli eða rafrænum skilríkjum. Atkvæðið er dulkóðað og aldrei hægt að tengja atkvæðið við einstakling. Einnig er tryggt að aðeins íbúar á rafrænni kjörskrá geti kosið um verkefni.

Kosningavefurinn er frá íbúum ses en dulkóðun, öryggisatriði og fleira hefur verið unnið öðrum aðila eins t.d. Advania. Einnig hafa Þjóðskrá og Opin kerfi komið að lýðræðisverkefnunum.

Aðrar leiðir að lýðræðisverkefnum

Þrátt fyrir að þátttökufjárhagsáætlun, hugmyndasöfnun og kosning, sé það lýðræðisverkefni sem hefur fengið mikið vægi hér á landi á síðustu árum má einnig skoða hvaða aðrar leiðir eru færar til að efla íbúalýðræði í sveitarfélögum.

Sérstaklega þyrfti að skoða hvernig á að ná til allra aldurshópa, íbúa með annað tungumál en íslensku. Einnig hefur verið mikil umræða í þjóðfélaginu um hvernig eigi að efla lýðræðisþátttöku ungs fólks.

Uppfæra þarf og endurskoða lýðræðisstefnu Garðabæjar.

„Góður Garðabær“ - næstu skref, tímaáætlun og undirbúningur

Ef ákveðið verður að ráðast í hefðbundna íbúakosningu í Garðabæ líkt og nágrannasveitarfélög okkar hafa gert þarf að skoða eftirfarandi þætti:

- Skipa þarf teymi innanhúss, sem skiptir með sér verkum, fyrstu skref eru að útbúa verkefnalýsingu og tímaáætlun verkefnisins.
- Í verkefnalýsingu þarf að koma m.a. að koma fram markmið, tilgangur, tímalína, hlutverk hvers og eins, kostnaðaráætlun og skilyrði verkefna til að eiga möguleika á að fara í kosningu.
- Við gerð kostnaðaráætlunar fyrir verkefnið þarf að gera ráð fyrir ákveðnu fjármagni í utanumhald verkefnisins, þ.e. hugmyndavef, kosningakerfi, öryggisráðstöfunum vegna kosninganna, auglýsingum og birtingum þeirra auk mögulegrar ráðgjafar við að kostnaðarmeta verkefni. Ekki er búið að áætla endanlegan kostnað í þetta en hann gæti verið á bilinu 4-5 milljónir.
- Gera þarf samninga um kerfi fyrir hugmyndasöfnun og kosningakerfi.
- Útbúa auglýsingaefni.
- Taka þarf ákvörðun um hvort hverfaskipta eigi sveitarfélaginu.
- Taka þarf ákvörðun um stýrihópa/matshópa (sem fara yfir hugmyndir og velja úr).
- Skipa þarf kjörstjórn.
- Undirbúningur verkefnisins áður en hægt er að auglýsa hugmyndasöfnun tekur 1-2 mánuði. Á þeim tíma þarf að vinna verkefnalýsingu, búa til kynningarefni og undirbúa viðeigandi svið/deildir sem munu taka þátt hér innanhúss.
- Hugmyndasöfnun tekur ca. þrjár vikur og úrvinnsla hugmynda þvert á svið tekur ca. 1-2 mánuði. Þegar svo ráðist er í kosningu tekur hún ca. 10 daga samkvæmt reynslu annarra.
- Möguleg tímalína gæti verið eftirfarandi: Hugmyndasöfnun auglýst í lok febrúar fram í mars. Rafræn kosning í apríl. Framkvæmdir frá maí til október. Önnur tímalína ef framkvæmdir fara á tvö fjárhagsár, sjá dæmi hér fyrir neðan.

Gert er ráð fyrir skv. fjárhagsáætlun Garðabæjar að 50 milljónir verði notaðar á ári í lýðræðisverkefni, næstu þrjú árin. Skoða þarf hvort betra sé að miðað við að framkvæmdir við verkefni sem verða kosin geti verið til tveggja ára, þ.e. fari fram á tímabilinu 2019-2020. Þá er hægt að hafa hærra fjármagn í úthlutunarpottinum í stað þess að standa að kosningu á hverju ári, upphæðina lægri og framkvæmdartímamann styttri.

- Ef farin er sú leið að sameina tvö fjárhagsár mætti endurskoða tímalínu þannig að hugmyndum er safnað fyrir vorið og farið í kosningu að hausti 2019. Þá væri hægt að framkvæma lítil verkefni sem þurfa ekki mikinn undirbúning fyrir veturinn, undirbúa stærri framkvæmdir yfir veturinn og hefja þær framkvæmdir að vori 2020.

Vinna við lýðræðisverkefni líkt og nágrannasveitarfélögin hafa ráðist í er tímafrek og þarf að vinna þvert á svið.